

Reykjavík, 27. maí 2026

## Efni: Leiðbeiningar um aðlögun málsmeðferðar

Mannréttindastofnun Íslands starfar samkvæmt lögum nr. 88/2024, en meginhlutverk hennar er að efla og vernda mannréttindi á Íslandi. Mannréttindastofnun hefur eftirlit með framkvæmd laga og alþjóðlegra skuldbindinga Íslands á sviði mannréttinda og skal vera opinberum aðilum og eftir atvikum einkaaðilum til ráðgjafar um eflingu og vernd mannréttinda á öllum sviðum samfélagsins. Stofnunin sinnir jafnframt réttindagæslu fyrir fatlað fólk.

Grundvallarþáttur í vernd mannréttinda er að tryggja að allir einstaklingar hafi jöfn og raunhæf tækifæri til að leita réttar síns, sbr. meðal annars 13. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Er því mikilvægt að tryggja að kæruleiðir og önnur úrræði mismuni ekki einstaklingum, með beinum eða óbeinum hætti, svo sem á grundvelli fötlunar, aldurs eða uppruna, sbr. meðal annars 65. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og 7. gr. laga um jafna meðferð utan vinnumarkaðar nr. 85/2018.

Í þessu sambandi vekur Mannréttindastofnun einnig athygli á að samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem nýlega var lögfestur hér á landi með lögum nr. 80/2025, skal tryggja fötluðu fólki árangursríkan aðgang að réttinum til jafns við aðra, meðal annars með aðlögun málsmeðferðar og aðlögun með tilliti til aldurs, sbr. 13. gr. samningsins. Með aðlögun málsmeðferðar er átt við ráðstafanir sem tryggja að einstaklingur geti tekið virkan þátt í málsmeðferð til jafns við aðra, svo sem með því að tryggja aðgengi, veita upplýsingar á aðgengilegu og skiljanlegu formi, taka mið af mismunandi samskiptaleiðum og eftir atvikum veita viðeigandi stuðning.

Í ljósi þess sem að framan greinir stefnir Mannréttindastofnun að því að gefa út leiðbeiningar um aðgengi og aðlögun málsmeðferðar. Til þess að undirbúa þær leiðbeiningar óskar stofnunin eftir upplýsingum um hvort og þá til hvað aðgerða hafi verið gripið í þeim tilgangi að tryggja jafnt aðgengi og aðlögun málsmeðferðar fyrir viðkvæma hópa, þar á meðal fatlað fólk, börn og fólk af erlendum uppruna. Ef til

staðar eru verkferlar eða reglur um aðlögun málsmeðferðar óskar stofnunin einnig eftir að fá þær sendar. Óskað er eftir því að svör berist eigi síðar en 22. júní nk. á netfangið [mannrettindi@mannrettindi.is](mailto:mannrettindi@mannrettindi.is)

Að lokum minnir Mannréttindastofnun á að henni er ætlað að vera til ráðgjafar um vernd mannréttinda og er stofnunin því reiðubúin til þess að veita frekari ráðgjöf um aðgengi, aðlögun málsmeðferðar eða önnur mál sem varða mannréttindi með einum eða öðrum hætti. Þegar fyrrnefndar leiðbeiningar liggja fyrir verða þær einnig sendar út og birtar á vef stofnununarinnar.

Virðingarfyllst,



Margrét María Sigurðardóttir,  
framkvæmdastjóri